

Hafnarfjarðarbær

Skýrsla starfshóps um fátækt barna

Fjölskylduráð samþykkti á fundi sínum þann 05.11.2021 að settur yrði á fót starfshópur sem hefði það verkefni að greina fátækt barna í Hafnarfirði. Á fundi fjölskylduráðs þann 18.03.2022 var erindisbréf starfshópsins samþykkt og skipað í hann. Í starfhópinum voru eftirtaldir fulltrúar skipaðir: Árni Rúnar Þorvaldsson, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Linda Hrönn Þórisdóttir og Björn Páll Fálki Valsson.

Erindisbréf starfshópsins kveður á um að hópurinn skuli afla gagna og upplýsinga um fátækt barna, reyna að greina vandann og umfang hans í Hafnarfirði. Einnig var hópnum ætlað að leggja fram tillögu að aðgerðum eða aðgerðaáætlun sem ætlað er að koma til móts við fátæk börn í samfélaginu og til þess að sporna við sára fátækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Meginmarkmið hópsins var að stuðla að því að öll börn í Hafnarfirði njóti sömu tækifæra og að fátækt hindri ekki þátttöku barna í samfélaginu.

Starfshópurinn hélt þrjá fundi og fyrsti fundurinn var haldinn 13.04.2022. Það hafði töluverð áhrif á störf hópsins hversu skammur tími var til sveitarstjórnarkosninga þegar hópurinn tók til starfa. Starfshópurinn kallaði eftir gögnum frá fjölskyldu- og barnamálasviði um fjölda barna í fjölskyldum sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu. Einnig var á sama fundi kallað eftir upplýsingum frá mennta- og lýðheilsusviði varðandi niðurgreiðslur á mat í skólum og fleiri þáttum. Upplýsingarnar fylgja með sem fylgiskjal við skýrsluna.

Starfshópurinn fékk tvo gesti á fund til sín. Á öðrum fundi hópsins þann 27.04.2022 kom Kolbeinn H. Stefánsson, lektor við HÍ til fundar við starfshópinn. Hann er höfundur skýrslunnar Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016 sem unnin var fyrir Velferðarvaktina. Á þriðja fundi starfshópsins, sem haldinn var 03.05.2022 kom Margrét Júlía Rafnsdóttir sem starfar hjá Barnaheillum og ræddi við hópinn.

Í máli Kolbeins H. Stefánssonar, kom m.a. fram að barnafátækt er ekki mjög útbreitt vandamál á Íslandi en vandinn er hins vegar til staðar. En fátækt barna er stórt vandamál fyrir þau sem í hlut eiga og leita verður alla leið til þess að hjálpa fólki úr slíkum aðstæðum. Í máli hans kom fram að það væru einkum þrír þættir sem gætu leitt til þess að börn búi við fátækt. Í fyrsta lagi er staðan sú að nærri fjögur að hverjum tíu börnum undir lágtekjumörkum eru börn einstæðra foreldra og brýnt er bæta lífskjör þeirra. Í öðru lagi þá eru börn öryrkja í hættu á því að búa við fátækt. Öryrkja eru sá hópur sem líklegastur er til að búa við fjárhagsþrengingar og staða barna þeirra er á pari við stöðu barna einstæðra foreldra. Þriðja atriðið sem er ráðandi þáttur um stöðu barna og líkurnar á því að þau búi við fátækt eru húsnæðismál. Munurinn á lágtekjuhlutföllum barna fyrir og eftir húsnæðiskostnað er með meira móti á Íslandi ef borið er saman við önnur Evrópulönd. Líkurnar á því að búa við fjárhagsþrengingar aukast ef fólk býr í leiguhúsnæði sem og að vera undir lágtekjumörkum að teknu tilliti til húsnæðiskostnaðar.

Kolbeinn lagði einnig áherslu á að félagsleg blöndun skiptir miklu máli þegar sveitarfélög huga skipulagi, húsnæðismálum og öðrum þáttum sem snúa að börnum eins og skólamál. Félaglegt húsnæði á t.d. aldrei að vera auðkennanlegt. Einnig ræddi hann um að börn menntaðra foreldra séu alla jafna betur sett en börn ómenntaðra foreldra. Börn foreldra af erlendum uppruna eru svo annar hópur sem Kolbeinn telur að þurfi að líta sérstaklega til í þessu samhengi.

Á þriðja fundi starfshópsins sem haldinn var 03.05.2022 mætti Margrét Júlía Rafnsdóttir frá Barnaheillum. Í máli hennar kom m.a. fram að í skýrslu samtakanna frá árinu 2014 hefði verið varpað ljósi á það hvaða hópar og hvaða börn það væru sem gætu átt það á hættu að búa við fátækt. Í þeirri skýrslu voru dregnir fram helstu áhættuþættir sem geta leitt til þess að börn búi við fátækt. Þeir eru; bakgrunnur foreldra, húsnæðismál, leiguhúsnæði og börn einstæðra foreldra og öryrkja eru líklegust til þess að búa við fátækt.

Árið 2016 kom út ný skýrsla hjá samtökunum. Í henni var lögð áhersla á tengsl menntunar við fátækt og hvernig börn foreldra sem hafa gengið menntaveginnum eru ólíklegri til þess að búa við fátækt. Í þeirri skýrslu kom fram að fátækt erfist milli kynslóða og leggja verði áherslu á að rjúfa það mynstur. Einnig var lögð áhersla á félagslega blöndun og horfa verði til þess þegar hverfi eru skipulögð.

Síðasta skýrsla sem kom út hjá samtökunum er frá síðasta ári, 2021. Í henni var um hvernig megi tryggja börnum góða framtíð án útilokunar. Einnig kom fram að Covid hefur haft slæm áhrif á börn almennt vegna kerfa sem lokuðu og það setur börn í viðkvæmri stöðu í enn meiri vanda. Á Íslandi var það t.d. mjög góð nálgun að halda skólakerfinu gangandi eins mikið og raun bar vitni. Fyrir Covid var Ísland með lægst hlutfall þeirra barna sem áttu að búa við fátækt af þáttökulöndunum en eftir Covid er Danmörk komin niður fyrir okkur. Á Íslandi skv. síðustu mælingu þá er hlutfall þeirra barna sem eiga á hættu að búa við fátækt 12,7% en til samanburðar er meðaltals ESB þjóðanna rúmlega 23%.

Að lokum fór Margrét Júlía yfir þá þætti í starfsemi ríkis og sveitarfélaga þar sem hún telur að framfara sé þörf:

- Við þurfum að gera betur í því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.
- Tryggja þarf að gjaldfrjálsan skóla, og í því samhengi þarf að skoða alla hluti eins og vettvangsferðir o.fl. atriði.
- Skoða þarf hvort skólamatur eigi að vera gjaldfrjáls. Algjört lykilatriði að barni sé ekki synjað um mat vegna ógreiddra reikninga.
- Sama á við um ógreidda reikninga vegna leikskólagjalda.
- Aðgangur að sálfræðipjónustu þarf að vera til staðar og hann ætti að vera gjaldfrjáls sem og aðgangur að öðrum sérfræðingum innan skólakerfisins.
- Í frístundastarfi þarf að tryggja betur aðgengi allra barna að frístundastarfi. Mikilvægt er að skoða hvort hægt er að samþætta þær innan vinnutíma barnanna, fyrir kl. 16:00 á daginn og börnin fái því tækifæri til kynnast fjölbreyttu frístundastarfi.
- Engin heildstæð stefna er til um frístundir barna en þörf er á því að hugsa þær eins og skólakerfið.
- Mikilvægt er að skoða næringarmál barna, m.a. á sumrin og vísbendingar eru um að næring barna hafi versnað í Covid faraldrinum.
- Húsnæðiskostnaðinn þarf svo að skoða sérstaklega enda fer stór hluti ráðstöfunartekna í húsnæðiskostnað.
- Að lokum benti Margrét Júlía svo á að engin opinber stefna er til hér á landi til að uppræta fátækt og ekki til skilgreining á henni.

Niðurstöður

Starfshópurinn er sammála um að þó fátækt barna sé ekki mjög útbreitt vandamál í okkar samfélagi þá sé það óásættanlegt að nokkurt barn búi við fátækt í Hafnarfirði og að Hafnarfjarðarbær eins og önnur sveitarfélög hafi skyldum að gegna gagnvart þessum börnum. Þar sem vinna starfshópsins markaðist af því hversu stuttan tíma hópurinn hafði til að vinna að málinu þar sem stutt er til sveitarstjórnarkosninga þá vannst ekki tími til að vinna aðgerðaáætlun eins og kemur fram

erindisbréfi hópsins. Starfshópurinn er hins vegar sammála um mikilvægi þess að það verði gert og leggur því til að nýtt fjölskylduráð, að kosningum loknum, taki málið til skoðunar og setji á fót starfs- eða stýrihóp sem fengi það verkefni að móta aðgerðaáætlun í þessu brýna málefni. Starfshópurinn leggur til að í þeirri vinnu verði sérstaklega litið til þeirra þátta sem gestir starfshópsins nefndu sérstaklega. Í þeirri vinnu verður að líta sérstaklega til þeirra hópa sem eiga mest í hættu á að búa við fátækt og með hvaða hætti er hægt að koma til móts við þá. Mikilvægt er að í þessari vinnu verði farið yfir hluti eins og frístundir barna með sérstakri áherslu á yngstu börnin, skólamat, gjaldfrjálsan skóla og stöðu húsnæðismála og öll þau mál sem eru til þess fallin að bæta hag barna sem eiga á hættu að búa við fátækt.

Hafnarfirði 06.05.2022

Árni Rúnar Þorvaldsson

Kristjana Ósk Jónsdóttir

Linda Hrönn Þórisdóttir

Björn Páll Fálki Valsson

Fundargerð

Starfshópur um fátækt barna.

Fundur haldinn kl. 13, 11. apríl 2022 í bæjarráðssal.

Mættir: Árni Rúnar Þorvaldsson, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri ráðgjafar og húsnæðismála og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálsviðs sem ritaði fundargerð.

1. Farið yfir erindisbréf starfshópsins.
Starfshópnum er ætlað að greina fátækt barna í Hafnarfirði. Starfshópurinn skal afla upplýsinga og kortleggja fátækt barna og greina umfang vandans. Hópurinn skal leggja fram tillögu að aðgerðum eða aðgerðaáætlun sem ætlað er að koma til móts við þennan hóp í samfélaginu til þess að sporna við sárafátækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Meginmarkmið hópsins er að öll börn í Hafnarfirði njóti sömu tækifæra og að fátækt hindri ekki þátttöku barna í samfélaginu. Mikilvægt er að safna saman gögnum og fá upplýsingar frá sérfræðingum um málefnið.
2. Ákveðið að fá Kolbein Hólmar Stefánsson, lektor við HÍ á næsta fund starfshópsins. Kolbeinn hefur starfað við rannsóknir og gagnagreiningar. Sérsvið hans eru atvinnulíf, lífskjör og velferðarmál. Einnig var rætt um að fá fulltrúa frá Barnaheill til viðuræðna við starfshópinn.
3. Óskað er eftir gögnum frá fjölskyldu- og barnamálasviði s.s. fjölda barna í fjölskyldum sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu. Einnig verður kallað eftir upplýsingum frá mennta- og lýðheilsusviði varðandi niðurgreiðslur á mat í skólum o.fl. Á næsta fundi liggja einnig fyrir nýjustu skýrslur og rannsóknir varðandi fátækt.
4. Umræður urðu og viðkvæma hópa s.s. börn af erlendum uppruna, birtingamyndir fátæktar o.fl.
5. Næsti fundur verður þriðjudaginn 19. apríl kl. 15.

Fundi slitið kl. 14.

Fundargerð

Starfshópur um fátækt barna.

Fundur haldinn kl. 13:30, 27. apríl 2022 í bæjarráðssal.

Mættir: Árni Rúnar Þorvaldsson, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Björn Páll Fálki Valsson, Linda Hrönn Þórisdóttir og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálsviðs sem ritaði fundargerð.

Soffia Ólafsdóttir boðaði forföll.

1. Kolbeinn Hólmar Stefánsson, lektor við HÍ mætti til fundarins.

Fram kom hjá Kolbeini að barnafátækt er vandi en sem betur fer ekki mjög stór en um óásættanlegt vandamál er að ræða sem hægt er að vinna gegn og leysa.

Börn sem eiga foreldra sem eru öryrkjar og börn einstæðra forelda eru í áhættu á að búa við fátækt. Húsnæðisþátturinn er síðan stór áhrifaþáttur hvað varðar fátækt fjölskyldna. Örir flutningar sem fylgir ótryggu húsnæði, há húsaleiga, börn festa ekki rætur o.s.frv. Félagsleg blöndum skiptir miklu máli, félagslegt húsnæði sé t.d. ekki auðkennanlegt.

Fyrirmyndir skipta miklu máli. Börn menntaðra foreldra eru mun betur sett en börn ómenntaðra foreldra.

Fram kom hjá Kolbeini að greina þarf betur stöðu barna af erlendum uppruna.

Lesblind börn og börn með adhd eru einnig í áhættuhópi.

Skólamáltíðir, skipta miklu máli. Umræða varð um að ekki sé sjálfgefið að skólamáltíðir séu án endurgjalds og þarf að greina það mál betur.

Mikilvægt er að börn líði ekki fyrir skuldir foreldra.

Fara þarf vel yfir verkefni sveitarfélaga og hvernig hægt er að bregðast við til að koma í veg fyrir fátækt barna. Umræða varð um íþróttastarf, skólamáltíðir, aðkomu félagsþjónustu o.fl.

Mikilvægt skref er að tryggja félagslegt öryggi.

2. Næsti fundur starfshópsins verður kl. 8:30 þriðjudaginn 2.maí. Á fundinn mætir sérfræðingur frá Barnaheillum og kynnir nýjustu skýrslu Save the Children.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð

Starfshópur um fátækt barna.

Fundur haldinn kl. 08:30, 03. maí 2022 í bæjarráðssal.

Mættir: Árni Rúnar Þorvaldsson, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Björn Páll Fálki Valsson, Linda Hrönn Þórisdóttir. Árni Rúnar Þorvaldsson ritaði fundargerð.

Soffía Ólafsdóttir og Rannveig Einarsdóttir boðuðu forföll.

1. Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum mætti til fundarins.
Margrét Júlía fór yfir skýrslu samtakanna um fátækt barna og vinnu Evrópuhóps hjá samtökunum. Árið 2013 var farið að líta til barna sem áttu það á hættu að búa við fátækt. Barnaheill tóku sæti í vinnuhópi Evrópuþjóða, Save the Children og á þessum tíma setja stjórnvöld á laggirnar Velgerðarvaktina. Hún lagði áherslu á að skoðað væri hvað ylli því að börn byggju við fátækt og að alltaf verði að hafa í huga að börn bera aldrei ábyrgð á aðstæðum sínum. Börn einstæðra foreldra og öryrkja eru í mestri áhættu á að búa við fátækt og skólar verða að vera meðvitaðir um grípa inn í þegar þess gerist þörf. Fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður erfast á milli kynslóða og blönduð samfélög eru betri samfélög.
Vísendingar eru um að eftir Covid hafi fátækt aukist á nýjan leik og að mismunun barna hafi aukist. Það hefur ekki gerst frá efnahagshruni. Í máli Margrétar Júlíu kom fram að hlutfall barna sem eiga á hættu við að búa við fátækt er 12,7%. Til samanburðar má nefna að meðaltal innan ESB er 23,7%.
Þeir hlutir sem Margrét lagði áherslu á að sveitarfélagið ætti að taka til sérstakrar skoðunar eru skólamálin, leik- og grunnskóli, skólamáltíðir, næring barna, kostnaður við menntun, tómstundir og heilsugæsla og húsnæðismál. Hún lagði sérstaka áherslu á að húsnæðisþátturinn væri mjög ráðandi þáttur um það hvort börn ættu á hættu að búa við fátækt. En hún lagði einnig sérstaka áherslu á að sveitarfélagið skoðaði hvort það gæti hugað betur að frístundamálum innan sveitarfélagsins með sérstakri áherslu á yngstu börnin. Í hennar máli kom fram að mismunun barna kæmi helst fram í gegnum þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi, þ.e. að þau börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður tækju síður þátt í skipulögðu frístundastarfi. Hún telur að sveitarfélögin eigi að skoða það að taka þessa starfsemi meira inn í skólana.
2. Fulltrúar í starfshópnum vorum sammála um það að reyna að klára skýrslu/samantekt á vinnu starfshópsins þannig að hægt verði að skila henni til fjölskylduráðs fyrir næsta fund ráðsins, fös. 6. maí nk.
Starfshópurinn var einnig sammála um að ljúka þessari vinnu án þess að boða til nýs fundar, þ.e. að vinnan verði kláruð í tölvupóstssamskiptum.

Fundi slitið kl. 10:30

Fylgiskjal 4

Greining frá fjármálasviði

Á fundi starfshóps um fátækt barna í Hafnarfirði þann 11. apríl sl. var óskað eftir gögnum frá fjölskyldu- og barnamálasviði varðandi fjölda barna í fjölskyldum sem þiggja fjárhagsaðstoð og fjölda barna með tekjutengdan afslátt vegna leikskólagjalda hjá mennta- og lýðheilsusviði.

Í neðangreindum tölvupóstum er greining frá fjármálasviði sveitarfélagsins þ.e. frá Guðmundi Sverrissyni, rekstrarstjóra og Ólafi Heimi Guðmundssyni, sérfræðingi í hagdeild.

Frá: Guðmundur Sverrisson <gudmundursv@hafnarfjordur.is>

Sent: miðvikudagur, 13. apríl 2022 10:40

Til: Ólafur Heimir Guðmundsson <olafurheimir@hafnarfjordur.is>; Soffía Ólafsdóttir <soffiao@hafnarfjordur.is>

Efni: RE: Beiðni um greiningu

Sæl

Ég skoðaði aðeins aftur í tímann fjölda barna með tekjutengdan afslátt, það eru ekki miklar breytingar í þessum fjölda á síðustu árum. En við höfum hækkað tekjuviðmiðin í samræmi við launavísitölu.

Heildarfjöldi þeirra sem njóta afsláttar í kerfinu eru 38% af heildarfjölda nemenda.

Fjöldi og hlutfall 1.mars hvers árs.	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi barna	1457	1438	1354	1366	1428	1414
Fjöldi með tekjutengdan afslátt	15%	13%	14%	13%	15%	14%
Afsláttur starfsmanna	0	0	0	0	0	9%
Systkinaafsláttur 2	14%	14%	16%	17%	17%	15%
Systkinaafsláttur 3	1%	1%	1%	1%	1%	0,4%
Samtals fjöldi með afslátt	30%	28%	30%	31%	32%	38%
Samtals fjárhæðir						
Dvalargjöld án leiðr.	38.081.680	-37.425.607	35.205.486	34.174.569	38.304.341	39.199.358

Tekjutengdur afsláttur	2.141.745	1.847.270	3.456.860	3.132.056	3.863.098	3.648.735
Afsláttur starfsmanna	0	0	0	0	0	2.443.895
Systkinaafsláttur 2	2.663.709	2.704.495	4.114.521	4.529.586	4.979.399	4.446.525
Systkinaafsláttur 3	185.277	152.491	320.590	407.110	342.463	173.223
Samtals afsláttur	4.990.731	4.704.256	7.891.971	8.068.752	9.184.960	10.712.378
Innheimt dvalargjöld án leiðr.	- 33.090.949	- -32.721.351	- 27.313.515	- 26.105.817	- 29.119.381	- 28.486.980

Kveðja,



Guðmundur Sverrisson

Rekstrarstjóri

Fjármálasvið

Strandgata 6

585 5500 / 664 5808

netfang@hafnarfjordur.is

hafnarfjordur.is

Frá: Ólafur Heimir Guðmundsson <olafurheimir@hafnarfjordur.is>

Sent: þriðjudagur, 12. apríl 2022 15:49

Til: Soffía Ólafsdóttir <soffiao@hafnarfjordur.is>

Efni: RE: Beiðni um greiningu

Sæl.

Hér er niðurstaðan úr greiningunni á fjárhagsaðstoð til framfærslu, vek athygli á því að einn einstaklingur er skv. skráningu með 31 barn á framfæri:

- Árið 2021 voru 256 einstaklingar sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu, þar af voru 78 einstaklingar sem voru með börn á framfærslu en samanlagður fjöldi þeirra barna var **166. (þ.a. einn einstaklingur með 31 barn skráð)**
Af þeim 78 einstaklingum þar sem höfðu börn á framfærslu voru 25 einstaklingar sem voru 6 mánuði eða lengur á fjárhagsaðstoð, samanlagður fjöldi barna þessara einstaklinga voru 46.
- Frá 1. janúar 2022 – 31. mars sl. voru 122 einstaklingar sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu, þar af voru 24 einstaklingar sem voru með börn á framfærslu en samanlagður fjöldi þeirra barna var **74. (þ.a. einn einstaklingur með 31 barn skráð)**
Á þessu ári hafa 25 einstaklingar fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu, þar af eru 12 sem hafa verið 2 mánuði eða lengur á fjárhagsaðstoð, samanlagður fjöldi barna þessara einstaklinga voru 20.

Varðandi skólamat þá höldum við að það sé ekki veittur afsláttur, við erum a.m.k. ekki með þær upplýsingar.

Kveðja,



Ólafur Heimir Guðmundsson

Sérfræðingur í hagdeild

Fjármálasvið

Strandgata 6, 220 Hafnarfjörður

olafurheimir@hafnarfjordur.is

585 5713 | 664 5511



www.hafnarfjordur.is